

Mál nr. 16/2015

Ár 2016, þriðjudaginn 29. mars var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 16/2015

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 25. ágúst 2015 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann Z við W án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Kærða kom að máli við siðanefnd og upplýsti að hún teldi sig ekki hafa neinar málsbætur fram að færa. Ákvað siðanefnd því að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirliggjandi gögnum frá skrifstofu HRFÍ.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 15. júlí 2015 var rakkinn Z paraður við tíkina W án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð við pörun. Hundarnir eru af hundakyninu Dvergschnauzer og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða hefur skýlaust játað brot sitt svo að siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar sem byggt myndi á fyrirliggjandi gögnum frá skrifstofu HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Dvergschnauzer:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun (Gildir frá 1.mars 2007). Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 20.01.2010) Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. (Gildir frá 1. apríl 2011). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónúrýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggja fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Rakkinn var augnskoðaður í júní 2015 og til allra heilla stóðst hann skoðun en það breytir ekki brotinu að rakkinn hafi staðist skoðun eftir, það var ekki séð fyrir.

Við mat á viðurlögum er tillit tekið til þess að kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins.

IV. Niðurstaða.

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Anna María Flygenring

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir